

RE: Bæjarráð - 2 : 2406080 - Beiðni til sveitarstjórnar um smölun ágangsfjár

Til : Gerður B. Sveinsdóttir <gerdur@vesturbyggd.is>
Frá : aratog@simnet.is <aratog@simnet.is>
CC : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>
Heiti : RE: Bæjarráð - 2 : 2406080 - Beiðni til sveitarstjórnar um smölun ágangsfjár
Málsnúmer : 2406080
Málsaðili : Bjarni Svanur Kristjánsson
Skráð dags : 01.07.2024 10:07:36
Höfundur : aratog@simnet.is <aratog@simnet.is>

Viðhengi [Mál 2406080 svar greinargerð.pdf](#)[Mál 2406080 svar greinargerð.pdf](#)
[image001.png](#)[image001.png](#)

Sæl Gerður,

Meðfylgjandi er svar, greinargerð landeigenda Auðshaugs við bókun bæjarráðs Vesturbyggðar dags. 25. Júní s.l. um beiðni til sveitarstjórnar um smölun ágangsfjár á Auðshaugi.

Mbk.

Bjarni Kristjánsson

Frá: Gerður B. Sveinsdóttir
Sent: föstudagur, 28. júní 2024 16:44
Til: aratog@simnet.is
Afrit: Geir Gestsson
Efni: Bæjarráð - 2 : 2406080 - Beiðni til sveitarstjórnar um smölun ágangsfjár

Innsent erindi var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 25. Júní sl. Þar sem eftirfarandi var bókað:

2406080 - Beiðni til sveitarstjórnar um smölun ágangsfjár

„Lagt fram erindi frá Bjarna Kristjánssyni sem barst með tölvupósti dags. 14. júní 2024 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið hlutist til um að smala ágangsfé á jörð bréfrítara, Auðshaugi, skv. 1. mgr. 33. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

Bæjarráð Vesturbyggðar bendir á að samkvæmt samþykkt um búfjárhald í Vesturbyggð er lausanga sauðfjár heimil utan þéttbýla í sveitarfélaginu, sbr. 5. gr. laga um búfjárhald, nr. 38/2013. Í erindinu koma ekki fram upplýsingar um umfang og/eða hver er fjöldi ágagnsfjár eða hvert mögulegt tjón bréfrítara kunnir að vera vegna ágangsfjár. Í samræmi við leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga felur bæjarráð bærstjóra/sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að afla frekari upplýsinga og gagna frá bréfrítara og eftir atvikum eigendum sauðfjár á svæðinu, svo unnt sé að taka afstöðu til beiðni bréfrítara um smölun ágangsfjár.“

Í ljósi þess óskast upplýsingar um hvert umfang og eða hver fjöldi ágangsfjár er og hvert mögulegt tjón kann að vera vegna þess.

Með kveðju,

Gerður Björk Sveinsdóttir

Bæjarstjóri

[Vesturbyggð](#)

450 2309 | [Fyrirvari um tölvupóstinn](#)

